

Upplýsingar um TENGIÞÚNAÐ OG RAFTENGI

Almenn ákvæði um tengiþúnað (eiga við öll ökutæki óháð aldri):

- Tengiþúnaður skal vera tryggilega festur við berandi hluta ökutækis. Rær á boltum sem festa tengiþúnaðinn skulu ekki geta losnað af sjálfu sér.
- Tengiþúnaður skal þola það álag sem hlýst af eðlilegri notkun samtengdra ökutækja.
- Tengiþúnaður skal hafa öryggisþúnað sem kemur í veg fyrir að tengihlutinn geti opnast að sjálfu sér.
- Tengihluti dráttartækis og tengihluti dregins ökutækis skulu hæfa saman. Ekki má vera óeðlilegt slag milli þeirra.
- Samtengdir hlutir tengiþúnaðar skulu innbyrðis vera nægjanlega hreyfanlegir.
- Tenginu skal valinn staður þannig að hjól dregna ökutækisins fylgi því sem næst slóð dráttartækisins svo að sem minnst hætta sé á að ökutækin rekist saman þegar ekið er í hring með minnsta mögulegum beygjuradíusi.

Kröfur til bifreiða varðandi tengiþúnað:

- Á tengiþúnaði bifreiðar skal vera greinileg og varanleg merking um framleiðanda og mestu leyfða heildarþyngd eftirvagns sem tengja má við tengiþúnaðinn.
- Tengiþúnaður og festing hans við bifreið skal vera samþykktur af skoðunarstofu. Hægt er að færa ökutækið til sérstakrar breytingaskoðunar eða óska eftir úttekt um leið og ökutækið er fært til aðalskoðunar.
- Tengiþúnaður má ekki skyggja á skráningarmerki bifreiðar.
- Tengihluti tengiþúnaðar á bifreið sem gerð er til þess að draga tengi- eða hengivagn sem er meira en 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skal vera 40 mm eða 50 mm. Við eiginþyngd bifreiðar skal hæð að miðju tengihlutans vera 900 ± 100 mm. Skráningarstofa getur heimilað frávik frá ákvæði þessu.
- Tengihluti tengiþúnaðar á sendibifreið og á fólksbifreið sem er 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd skal vera kúla með 50 mm þvermáli.


Kröfur til eftirvagna varðandi tengiþúnað:

- Dráttarbeisli eftirvagns skal vera þannig hannað að sem minnst hætta sé á að eftirvagn og dráttartæki rekist saman þegar ekið er í hring með minnsta mögulegum beygjuradíusi.
- Tengihluti á dráttarbeisli eftirvagns II skal vera 40 mm auga eða 50 mm auga. Við eiginþyngd eftirvagnsins skal hæð að miðju augans vera 900 ± 100 mm, miðað við að dráttarbeislið sé lárétt. Skráningarstofa getur heimilað frávik frá ákvæði þessu.

Ákvæði um raftengi fyrir eftirvagn:


- Bifreið og eftirvagn skulu búin stöðluðu raftengi sbr. lýsingu á næstu síðu.
- Athuga ber sérstaklega að tengipóll fyrir þokuafturljós í eftirvagni skal vera tengdur í bifreiðum skráðum eftir 1. janúar 1999. Þetta gildir fyrir allar bifreiðir, jafnvel þótt þær sjálfar séu ekki búnar þokuafturljósi.

7 pinna tengi skv. ISO 1724:1975 fyrir 12 volta rafkerfi eftirvagns:




1. Stefnuljós vinstra megin.
2. Þokuafturljós.
3. Jörð.
4. Stefnuljós hægra megin.
5. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós hægra megin.
6. Hemlaljós.
7. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós vinstra megin.

7 pinna tengi skv. ISO 1185:1975 fyrir 24 volta rafkerfi eftirvagns:




1. Jörð.
2. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós vinstra megin.
3. Stefnuljós vinstra megin.
4. Hemlaljós.
5. Stefnuljós hægra megin.
6. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós hægra megin.
7. Þokuafturljós.

13 pinna tengi skv. DIN V 72570 fyrir 12 volta rafkerfi eftirvagns:



1. Stefnuljós vinstra megin.
2. Þokuafturljós.
3. Jörð fyrir tengingar 1-8.
4. Stefnuljós hægra megin.
5. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós hægra megin.
6. Hemlaljós.
7. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós vinstra megin.
8. Bakkljós.
9. Straumur frá rafkerfi bifreiðar.
10. Hleðslulögn fyrir rafgeymi eftirvagns.
11. Óráðstafað.
12. Óráðstafað.
13. Jörð fyrir tengingar 9-12.

15 pinna tengi skv. ISO-staðli 12098-1994/(E) fyrir 24 volta rafkerfi eftirvagns:



1. Stefnuljós vinstra megin.
2. Stefnuljós hægra megin.
3. Þokuafturljós.
4. Jörð.
5. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós vinstra megin.
6. Stöðuljós, breiddarljós og númersljós hægra megin.
7. Hemlaljós.
8. Bakkljós.
9. Straumur frá rafkerfi bifreiðar.
10. Óráðstafað.
11. Óráðstafað.
12. Óráðstafað.
13. Jörð fyrir tengingar 14 og 15.
14. Óráðstafað.
15. Óráðstafað.